



HVAMMUR í Sveitarfélaginu Hornafirði


Deiliskipulag



Deiliskipulagsuppráttur í mkv. 1:2.000



Skýringaruppráttur í mkv. 1:4.000



Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012 - 2030 í mkv. 1:50.000

GREINARGERÐ

1. INNGANGUR

Skipulagssvæðið

Deiliskipulagið nær yfir tæplega 5 ha landspildu úr landi Hvamms í Sveitarfélaginu Hornafirði. Deiliskipulagið tekur til tveggja byggingarreita fyrir allt að 9 gestahús auk þjónustuhúss. Í aðalskipulagsbreytingu Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012 - 2030, sem er í ferli, er svæðið skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði.

Kortagrunnar

Loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf. Grunnöggn eru IS50v frá Landmælingum Íslands. Hnitsetning: ISN93.

Skipulagsgögn

- Deiliskipulagsuppráttur í mælikvarða 1:2.000 sem sýnir hugmyndir að staðsetningu byggingarreita og aðkoma að svæðinu.
- Skýringaruppráttur í mælikvarða 1:4.000 sem sýnir skipulagssvæðið innan jarðarinnar og mögulega staðsetningu bygginga innan byggingarreita.
- Afstöðumynd í mælikvarða 1:50.000 sem er hluti af aðalskipulagsupprátti Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012 - 2030.

Formminjar

Engar þekktar formminjar eru innan skipulagssvæðisins.

2. LÝSING DEILISKIPULAGS

Skipulagssvæðið

Skipulagssvæðið liggur skammt austan við núverandi Hringveg (nr. 1) og er tæpir 5 ha. Svæðið er fremur rýrt, mosagróðri en stutt niður í mól og sand og litlir klettur eru á stöku stað. Landið er nær flatt en hallar nokkuð til austurs og suðausturs. Landið hefur verið nýtt til beitara.

Aðkoma

Aðkoma er af núverandi Hringvegi. Lagður verður nýr vegur um svæðið.

Byggingar

- Innan byggingarreits B1 er heimilt að byggja allt að 200 m² þjónustuhús.
- Innan byggingarreits B2 er heimilt að byggja allt 9 gestahús, hvert um sig allt að 30 m².

Möguleg staðsetning nýrra bygginga er sýnd til skýringar á skýringarupprátti. Mænishæð bygginga getur verið allt að 5 m m.v. hæð jarðvegs umhverfis húsin. Efnisval skal vera vandað. Reynt verður að fella byggingar sem best að landi. Vanda skal frágang bygginga, bilastæða og lóða. Forðast skal áberandi útlýsingu.

Veitur

Neysl vatn verður tekið úr lind vestan byggðarinnar. Frárénni verður leitt í hreinsivirki. Frágangur skal vera samkvæmt reglugerð um fráveitur nr. 798/1999. Byggingar tengjast dreifikerfi RARIK. Lagnir skulu fylgja vegum eftir því sem við verður komið. Sorphirða fer eftir reglum sveitarfélagsins hverju sinni en sorplát verða staðsett við þjónustuhús.

3. ALMENNIR BYGGINGARSKILMÁLAR

Hönnun og uppráttir

Húsagerðir eru frjálssar að öðru leyti en því sem mæliblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir segja til um. Mænisstefna er frjálss.

4. Umhverfisáhrif

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012 - 2030 er stefnt að því að í stundaður verði landbúnaður og ferðaþjónusta í auknum mæli í dreifbýlinu og hugað að sérstöðu náttúrunnar. Ferðaþjónusta innan tiltekinnar stærðarmarka, meðfram búskap, telst hluti landbúnaðar á lögbýlum. Huga þarf að staðsetningu gistaðaða út frá landslagi, byggðamynstri, samgöngum og samlegðaráhrifum fyrir samfélagið. Mannvirki skulu falla að byggðamynstri, séu víkjandi í landslagi og taki mið af staðarvals- og byggingarhefð sveitanna þar sem ekki er byggð fyrir. Mannvirki skulu vera vönduð.

Skipulagið samræmist nokkuð vel þessum markmiðum þar sem það stuðlar að auknum hlut ferðaþjónustu í atvinnulífi sveitarfélagsins, aftar tekna fyrir samfélagið og styrkir byggðina. Samfélagsleg áhrif eru því jákvæð. Skipulagssvæðið er við núverandi Hringveg nr. 1 og aðeins í örfárra km fjarlægð frá áætluðum Hringvegi og staðsetning er því mjög góð hvað varðar aðkoma. Áhrif á landslag og ásynd verða nokkur en staðbundin þó. Draga má úr þeim með því að fella byggingar sem best að landi. Skipulagið stuðlar að lengri dvalartíma gesta í sveitarfélaginu og styður við aðra þjónustu í sveitarfélaginu. Skipulagið hefur ekki áhrif á þekktar minjar eða verndarsvæði.


Deiliskipulagstillagan var kynnt dags. _____

Deiliskipulagstillagan var auglýst frá _____ til _____

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum var samþykkt af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar þann _____

F.h. sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Hornafjarðar _____

Deiliskipulagstillagan öðlast gildi meðauglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

 HVAMMUR Deiliskipulag		
STEINSHOLT Suðurlandsvegi 1-3 850 Hella. S. 487 7800 www.steinsholtsf.is	Verk: 7708 D1174 Mkv: 1:2.000 / 1:4.000 Blaðstærð: A2	Dags: 16.01.2017 Breytt:
Hannað: GG, AJ Teiknað: GLS	Samþykkt:	Í VINNSLU